



452. Stjórnarfundur haldinn 27. ágúst 2015 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA),
Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB)

1. Fundagerð síðustu funda.

Farið yfir fundagerðir nr. 449, 450 og 451 og þær samþykktar.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/námskeiða sem eru í boði af UMFÍ. **Móttekið.**

Lokaskýrsla Ungt fólk og lýðræði „Margur verður af aurum api“ **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ fræðslu- og verkefnasjóði v/umsóknar aðalstjórnar á kaup á gínum. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ fræðslu- og verkefnasjóði v/umsóknar aðalstjórnar á námskeiði í Nóra. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ fræðslu- og verkefnasjóði v/umsóknar taekwondodeildar. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ fræðslu- og verkefnasjóði v/umsóknar taekwondodeildar. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ fræðslu- og verkefnasjóði v/umsóknar kvennaráðs körfunnar. **Móttekið.**

Umsókn um styrk Svanur Þór Mikaelsson v/norræna ungmennavíku. **Erindinu hafnað og Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um úthlutunarreglur varðandi styrki hjá öðrum félögum.**

Bréf frá UMFÍ v/námskeiðs „Verndum þau“. **Móttekið.**

Boðsbréf til formanns og eiginkonu v/80 ára afmælis Knattspyrnufélagsins Reynis. **EH mætir ásamt konu sinni og færir þeim gjöf frá félaginu. Stein með klukku í.**

Bréf frá formanni körfuknattleiksdeildar v/merkingar á A-sal og prentara á skrifstofu deildarinnar.

Framkvæmdastjóra falið að kanna með kostnað á merkingum í A-sal. Körfuknattleiksdeild sér sjálf um að fá sér prentara inn á sína skrifstofu.

3. Send bréf.

Bréf til UMFÍ í Fræðslu- og verkefnasjóð v/veitts styrks fyrir námskeið í Nora.

4. Ársþing ÍRB.

Ársþing ÍRB var haldið 23. júní kl.20:00 í sal íþróttakademíunni. Ingigerður Sæmundsdóttir endurkjörin formaður. BS situr í stjórn bandalagsins og er gjaldkeri. EH var ekki ánægður með mætingu þeirra sem höfðu gefið kost á sér á þingið. Vorum ekki með fullmannaða sveit. BS tók undir og var undrandi á mætingunni.

5. ULM 15.

15. unglíngalandsmót UMFÍ var haldið á Akureyri um verslunarmannahelgi. Guðjón Axelsson var farastjóri Keflavíkur á mótinu. Sextíu og tveir keppendur voru skráðir til leiks.

Aðalstjórn þakkar þeim sem komu að unglíngalandsmótinu fyrir þeirra framlag.

6. Keflavíkurdagurinn.

Keflavíkurdagurinn er áætlaður 12. september. Birgir Már Bragason er formaður nefndarinnar.

Nefndin verður kölluð saman til fundar í næstu viku.

7. 49. Sambandsþing UMFÍ Vík í Mýrdal 17. – 18. október 2015.

EH bað stjórnarmenn að fara að huga að því hverjir gæfu kost á sér sem þingfulltrúar á 49.

Sambandsþing UMFÍ. **Framkvæmdastjóra falið að kanna með verð á bolum.**





FRH.

452. Stjórnarfundur haldinn 27. ágúst 2015 kl:18:00

8. Önnur mál.

EH sagði frá því að K-merktir dúkar eru komnir. Huga þarf að reglugerð varðandi leigu og hreinsun á dúkunum.

Aukaaðalfundur körfuknattleiksdeildar var haldin 28. maí. Falur Harðarson áfram formaður. EH og BS sóttu fundi.

Halda námskeið „*Verndum þau.*“ EH lagði til að haldið yrði námskeið í enda september eða byrjun október. **Ákveðið að halda námskeiðið og framkvæmdastjóra falið málið.**

Skoðunarskýrsla öryggis- og brunakerfis Hringbrautar 108 liggur fyrir. Engin athugasemd.

Móttekið.

BI sextugur 18. júní. EH afhenti BI fyrir hönd aðalstjórnar gjafabréf í Borgaleikhúsið fyrir tvo. BI þakkaði fyrir sig.

Undirritaðir samningar v/láns til körfuknattleiksdeildar liggja fyrir.

BMB hefur virkilegar áhyggjur af fjárhagslegri stöðu knattspyrnudeildar og að hún sé að eyða um efni fram vegna ráðningar á nýjum þjálfurum og kaupum á nýjum leikmönnum til að forðast fall.

Allnokkrar umræður urðu um málið. **EH falið að ræða við formann knattspyrnudeildar og fá svör um hver fjárhagsstaða sé og hvort það sé verið að keyra deildina inn í skuldir.**

Varðandi boðun á fund nr.451 þá láðist framkvæmdastjóra að boða BS á fundinn þar sem hún var ekki á fundi 450 og haldið að hún væri en í fríi. EH bað BS velvirðingar á þessum mistökum sínum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:25

Næsti 10. september kl.18:00

Fundinn ritaði BS.

